

**Fundargerð 38. aðalfundar SSA,
haldinn á Hótel Héraði , Egilsstöðum
dagana 16. og 17. sept. 2004.**

Fimmtudagur 16. september.

Soffía Lárusdóttir formaður SSA setti aðalfundinn kl.14:00, bauð fundargesti velkomna og kynnti dagskrá. Að loknu ávarpi sínu skipaði hún **Jónas Þór Jóhannsson og Eyþór Elíasson** fundarstjóra. (Ávarpið þingskjal 1)

Fundarstjóri tók við stjórn fundarins og skipaði **Maríönnu Jóhannsdóttur og Stefán Bragason** fundarritara.

Skipað í kjörbréfanefnd: Líneik Sævarsdóttir, Guðmundur Valur Guðmundsson og Þorvaldur P. Hjarðar.

Skipað í nefndanefnd: Emil Sigurjónsson, Andrés Skúlason, Einar Karlsson, Guðný B. Hauksdóttir.

Soffía Lárusdóttir kynnti skýrslu stjórnar sem liggur frammi. Skýrslan fylgir fundargögnum sem þingskjal nr.2. Vísað til allsherjarnefndar.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri kynnti reikninga SSA 2003, endurskoðaða fjárhagsáætlun 2004 og fjárhagsáætlun 2005. Greinargerð, reikningar og fjárhagsáætlun fylgir sem þingskjal nr. 3, 4 og 5 . Vísað til fjárhagsnefndar.

Fundarstjóri minnti á að skýrslur eftirtalinn stofnana hefðu nú verið lagðar fram í gögnum fundarmanna og verði þeim vísað til viðeigandi starfsnefnda á fundinum.

- A. Heilbrigðiseftirlit Austurlands (þingskjal nr.5) vísað til allsherjarnefndar
- B. Orku og Stóriðjunefnd SSA (þingskjal nr.6) vísað til byggða- og atvinnumálan.
- C. Samgöngunefnd SSA (þingskjal nr.7) vísað til samgöngunefndar.
- D. Menningarráð Austurlands (þingskjal nr. 8) vísað til mennta- og menningarm.n.
- E. Fræðslunet Austurlands (þingskjal nr.10) vísað til mennta- og menningarmálan.
- F. Ferðamálasamtök Austurlands (þingskjal nr.9) vísað til byggða og atvinnumálanefndar.

1. Ávörp gesta.

Steingrímur J. Sigfússon alþingismaður. Hann ræddi um átakið í sameiningu sveitarfélaga og það mikla starf sem unnið hefur verið í þeim málum. Hann lagði áherslu á gott samstarf allra sem að málinu koma svo árangur náist. Hann lagði einnig mikla áherslu á gott samstarf sveitarstjórnarmanna og alþingismanna um málið. Hann vék að því að endurskoða þarf tekjugrunn sveitarfélaga og skattamál þeirra. Efling sveitarfélaga verður ekki frekari fyrr en tekjur þeirra hafa verið bætтар. Nýsköpunarsjóður þarf aukið fjármagn til að sinna sínum verkefnum. Hann ræddi þjóðgarð norðan Vatnajökuls og gott samstarf nefndarmanna, ríkisvalds og heimamanna. Að lokum þakkaði hann fyrir boðið á fundinn og óskaði fundarmönnum góðs gengis.

Breyting á fyrirliggjandi dagskrá.

Þegar hér er komið í dagskrá hefur ekki ennþá verið flogið milli Reykjavíkur og Egilsstaða í dag vegna ókyrrðar í lofti syðra og því eru nokkrir gesta og framsögumenn ókomnir til fundar.

Fundarstjórn leggja því til breytingu á dagskrá þannig:

Framsögur um Eflingu sveitarstjórnarstigsins ,sem á að vera næsti liður á dagskrá, frestast til morguns, en framsaga um Samfélagið á Austurlandi í ljósi stórframkvæmda ,sem vera á morgun ,færast fram til dagsins í dag.

Engar athugasemdir komu fram og því skoðast þessi breyting á dagskrá samþykkt..

1. Þekkingarsetur og þekkingarnet:

Gunnar Vignisson, Þróunarstofu Austurlands.

Gunnar gerði grein fyrir því hvað þekkingarsetur er, en þau kallar hann vísindasamfélög. Hann lagði áherslu á að mörg sveitarfélög eru mjög öflug, og að forsendur vísindasamfélaga með mannauði, menntun og öðru eru fyrir hendi á landsbyggðinni. Gunnar greindi frá því að á næstu vikum verður stofnað Þekkingarsetur á Egilsstöðum, verkviði þess og áhrifum sem þekkingasetur hefur á svæðið. Gunnar benti á nauðsyn þess að Þróunarsetrið á Egilsstöðum fái fastar fjárveitingar til lengri tíma. Hann þakkaði að lokum stjórn SSA fyrir þann jákvæða áhuga sem Sambandið sýnir verðandi uppbyggingu þekkingarsetra á Austurlandi.

Sigurður Ólafsson forstöðumaður fræðslunets Austurlands.

Hann gerði grein fyrir hlutverki FNA. Um 170 nemendur eru á Austurlandi sem stunda Háskólanám í 7 háskólum í fjarnámi. Menntun, rannsóknir og þekking eru lykilhugtök sem unnið er út frá í vinnuhópi sem starfar á vegum FNA. Vinnuhópurinn hefur bent á þörf fyrir stofnun Þekkingarráðs Austurlands sem ynni að eflingu menntunar og rannsóknarverkefna í fjórðungnum. Fyrsta verkefni Þekkingarráðs yrði þekkingarþing Austurlands sem haldið yrði vorið 2005 og verður um leið stofnfundur Þekkingarráðsins.

Fyrirspurnir og umræður: Fyrirspurnir bárust frá Tryggva Harðarsyni bæjarstjóra á Seyðisfirði og Arnbjörgu Sveinsdóttur alþingismanni.

Sigurður og Gunnar svöruðu fyrirspurnunum. (Fyrirlestrar Gunnars og Sigurðar fylgja, merktir þingskal nr.11)

2. Höfum við gengið til góðs, götuna?

Signý Ormarsdóttir framkvæmdastjóri Menningarráðs Austurlands.

Signý fór yfir forsögu Menningarráðsins. Alls hefur Menningarráðið úthlutað 59,3 milljónum króna. Signý lagði áherslu á að togstreypa er milli þess sem stundum er kallað hámenning annarsvegar og lágmenning hinsvegar, sem er slæmt því landamæri milli listgreina verða stöðugt óljósari. Listviðburðir voru margir á síðasta ári. Signý gerði grein fyrir að samstarf er lykilatriði í menningarmálum og samstarf hefur ekki einungis verið innan lands heldur er talsvert samstarf við Vesteraalen í Noregi. Signý sagði mikilvægt að svara því hvort ástæða sé til að halda áfram samstarfi í menningarmálum? Og hvort Menningarráðið sé nauðsynlegt? Hún sagðist telja samstarf nauðsynlegt, og áætlanir fram í tímann ekki síður.

Fyrirspurnir komu frá Einari Má Sigurðarsyni, Þorsteini Steinssyni, Sigfríði Þorsteinsdóttur og Arnbjörgu Sveinsdóttur. Signý svaraði að því búnu

fyrirspyrjendum t.d. um menningarmiðstöðvarnar, fjármagn til uppbyggingar og áframhaldandi samstarf sveitarfélaga og ríkis. Eins kom hún inn á hvernig úthlutanir til styrkþega hafa skipst milli listgreina.

3. Samfélagið á Austurlandi í ljósi stórframkvæmda.

Stefán Stefánsson framkvæmdastjóri Próunarstofu Austurlands.

Stefán ræddi trú Austfirðinga á jákvæða þróun á landshlutann þegar uppbygging stóriðju á Reyðarfirði hófst. Hann kom inn á nauðsyn á vöktun á austfirsku samfélagi en hún er bæði komin af stað á vegum Alcoa og Landsvirkjunar og unnin af Próunarstofu Austurlands og Byggðarannsóknarstofnun Íslands. Fór hann síðan yfir helstu þætti vöktunarverkefnisins, sem eru mat á sjálfbærri þróun og rannsóknir á samfélagslegum áhrifum álvers og virkjunarframkvæmda á Austurlandi. Hvatti hann sveitarstjórnarmenn að fylgjast vel með verkefninu og grípa inn í þróunina ef þörf þykir. Einnig ræddi hann hugsanlega fólksflutninga, hvort flutt yrði frá jaðarsvæðum og hvar íbúarnir veldu sér búsetu. Þörf á nýju íbúðarhúsnæði, fjölgun íbúa til 2008 og ýmsar fólksfjöldatölur voru líka umfjöllunarefni Stefáns.

Fyrirspurnir komu frá: Guðmundi Bjarnasyni, Þuríði Backman, Einari Má Sigurðarsyni, Arnbjörgu Sveinsdóttur, Kristjönu Björnsdóttur og Þorsteini Steinssyni. Stefán svaraði síðan fyrirspurnum.

Erindi hans að lokum vísað til Atvinnu og byggðamálanefnd þingskjal nr. 12.

4. Ávörp gesta.

Vilhjálmur Vilhjálmsson formaður Sambands ísl. sveitarfélaga .

Vilhjálmur fjallaði um eflingu sveitarstjórnarstigsins og það verkefni sem í gangi er í þeim málum. Sameining sveitarfélaga og útteiling fleiri verkefna til þeirra er forsenda fyrir því að takist að efla sveitarfélögin. Sagði hann frá viðræðum sambandsins við félagsmála- og fjármálaráðherra varðandi tekjustofna sveitarfélaga og flutning verkefna til þeirra frá ríkinu og viljayfirlýsingu þar um. Hann vék að mikilvægi Jöfnunarsjóðs og að tekjustofnar sveitarfélaga verði styrktir. Þá kom hann að sameiningu sveitarfélaga og framlagi sem Jöfnunarsjóður hefur yfir að ráða ásamt framlagi frá ríkinu alls um 2,1-2,4 milljarðar króna ætlaðir til að auðvelda verkefnið. Hann lagði áherslu á að fjármálaleg samskipti milli ríkis og sveitarfélaga verði góð til frambúðar og gagnkvæmur skilningur ríki. Vilhjálmur vék að húsnæðismálum sveitarfélaga, félagslegar eignar- og leiguíbúðir eru vandamál á ákveðnum landssvæðum, sambandið hefur unnið með sveitarfélögum að lausn. Erindi Vilhjálms vísað til sveitarfélaganefndar, (merkt þingskjal nr.13).

5. A.) Tillögur kjörbréfanefndar um fulltrúa sveitarfélaga á Austurlandi á aðalfund SSA 2004. – Líneik Sævarsdóttir. (þingskjal nr. 14)

Austur-Hérað: Ágústa Björnsdóttir, Íris Lind Sævarsdóttir, Eyþór Elíasson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Sigurður Ragnarsson, Soffía Lárusdóttir, Skúli Björnsson

Borgarfjarðarhreppur: Kristjana Björnsdóttir.

Breiðdalshreppur: Ríkhartur Jónasson og Sigfríður Þorsteinsdóttir.

Austurbyggð: Líneik A. Sævarsdóttir, Guðmundur Þorgrímsson, Óðinn Magnason.

Djúpavogshreppur: Tryggvi Gunnlaugsson Guðmundur Valur Gunnarsson.

Fáskrúðsfjarðarhreppur: Friðmar Gunnarsson.

Fellahreppur: Baldur Pálsson, Þorvaldur P. Hjarðar.

Fjarðabyggð: Andrés Elísson, Eiður Ragnarsson, Guðmundur Bjarnason, Guðný Björg Hauksdóttir, Ásmundur Páll Hjaltason, Smári Geirsson, Þorbergur Hauksson, Ásbjörn Guðjónsson Guðmundur Rafnkell Gíslason, Pétur Karl Kristjánsson.

Fljótsdalshreppur: Gunnþórunn Ingólfssdóttir.

Hornafjörður: Albert Eymundsson, Ólafur Sigurðsson, Björk Pálsdóttir, Elín Magnúsdóttir, Einar Karlsson, Kristín Gestsdóttir, Vignir Júlíusson, Þóra V. Jónsdóttir.

Mjóafjarðarhreppur: Sigfús Vilhjálmsson.

Norður-Hérað: Guðgeir Þorvaldur Ragnarsson, Hafliði P. Hjarðar.

Seyðisfjarðarkaupstaður: Hrafnhildur Sigurðardóttir, Cecil Haraldsson, Halldór Sverrisson.

Skeggjastaðahreppur: Áki Guðmundsson.

Vopnafjarðarhreppur: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Emil Sigurjónsson.

Rétt á setu = 47. Mættir = ? Samþykkt samhljóða.

B) Tillögur nefndanefndar. (þingskjal nr. 15)

Kjörnefnd: Guðmundur Valur Guðmundsson, Líneik Sævarsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar.

Uppstillingarnefnd: Þorbergur Hauksson, Halldór Sverrisson, Ólafur Ármannsson, Andrés Skúlason, Guðgeir Ragnarsson og Óðinn Magnason.

Mennta- og menningarmálanefnd: Cecil Haraldsson, Kristín Gestsdóttir, Líneik A. Sævarsdóttir, Baldur Pálsson, Guðmundur Gíslason, Guðný Björg Hauksdóttir og Íris Lind Sævarsdóttir.

Byggða- og atvinnumálanefnd: Skúli Björnsson, Þóra V. Jónsdóttir, Tryggvi Gunnlaugsson, Ásbjörn Guðjónsson, Ámundur Páll Hjaltason og Pétur Karl Kristjánsson.

Samgöngunefnd: Þorsteinn Steinsson, Vignir Júlíusson, Guðmundur Þorgrímsson, Þorvaldur P. Hjarðar, Guðmundur Valur Gunnarsson, Eiður Ragnarsson, Andrés Elíasson, Aðalbjörn Björnsson, Ríkhaður Jónasson, Ágústa Björnsdóttir og Áki Guðmundsson.

Allsherjarnefnd: Kristjana Björnsdóttir, Björk Pálsdóttir, Sigfríður Þorsteinsdóttir, Sigurður Ragnarsson og Hrafnhildur Sigurðardóttir.

Fjárhagsnefnd: Guðmundur Bjarnason, Albert Eymundsson, Björn Hafþór Guðmundsson og Hafliði P. Hjarðar

Sveitarfélaganefnd: Smári Geirsson, Elín Magnúsdóttir, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Emil Sigurjónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir og Sigfús Vilhjálmsson.

Upplesið og samþykkt.

C) Tillögur frá stjórn og fulltrúum.

Mennta- og menningarmál – Cecil Haraldsson (þingskjal nr.16)

Ályktun um framhaldsskóla

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að vinna við stækkun Menntaskólans á Egilsstöðum skuli vera komin af stað aftur.

Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á Austurlandi gegna lykilhlutverki í

mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram af krafti að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á hlutaðeigandi stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á Austurlandi í ljósi þeirra miklu framkvæmda og fólksfjölgunar sem framundan er í landshlutanum.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því mikla og góða samstarfi sem komið er á milli Verkmenntaskóla Austurlands og Alcoa. Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir þeirri námsbraut sem hafin er við skólann fyrir verðandi starfsfólk við álverið.

Ályktun um samstarf í menningarmálum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að hafin er vinna við endurnýjun menningarsamnings sveitarfélaganna við menntamálaráðuneytið, en núverandi samningur rennur út um næstu áramót. Fundurinn bendir á að mikilvægir áfangar hafa náðst varðandi stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu og rekstur menningarmiðstöðvanna á Austurlandi. Aðalfundurinn telur nauðsynlegt, að samhliða endurskoðun samningsins verði farið yfir frekari fjárframlög ríkisins til reksturs og uppbyggingar menningarmiðstöðvanna fjögurra og er stjórn SSA falið að fylgja málinu eftir.

Fræðslunet Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar uppbyggingu háskólanámsseturs á Egilsstöðum og telur það afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Þá lýsir fundurinn þeirri skoðun sinni að með tilkomu háskólanámssetursins verði öllum íbúum Austurlands gert auðveldara að leggja stund á háskólanám.

Fundurinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu námsvera fyrir fjarnema á Austurlandi. Fundurinn ítrekar enn að ríkinu ber að kosta framhalds- og háskólanám og að mikilvægt er að allir íbúar landsins hafi jafnan aðgang að námi á öllum stigum þ.m.t. símenntun. Því verða fjárveitingar til málaflokksins að vera í samræmi við umfang þjónustu og kostnað við að veita hana.

Háskóli á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 lýsir þeirri skoðun sinni að nú þegar eigi að hefjast handa við að byggja upp öfluga framtíðarháskólastofnun á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi og byggi á grundvelli þess starfs sem fram fer hjá ofangreindum stofnunum.

Um kostnað vegna tónlistarnáms

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 telur afar mikilvægt að störfum verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga sem fjalla á um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarkennslu á framhaldsstigi verði hraðað eins og frekast er kostur. Jafnframt vill aðalfundurinn leggja áherslu á að eðlilegast er

að sambærileg verka- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga gildi um tónlistarnám og annað nám þannig að grunnám sé á vegum sveitarfélaga en framhalds- og háskólanám á vegum ríkisins.

Skráning fornminja

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 ítrekar þá skoðun sambandsins að tryggja þurfi sveitarfélögum fjármagn til að sinna lögboðinni skyldu sinni við skráningu fornminja.

Varðveisla fornminna

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 ítrekar við stjórn SSA að hún leiti leiða til að dýrgripir af Austurlandi verði fluttir heim í hérað og hafðir þar til sýnis m.a. til eflingar menningartengdri ferðapjónustu á svæðinu

Þjónusta bókasafna

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar þeirri samvinnu sem komin er á um nýtt bókasafnskerfi og hvetur aðildarsveitarfélögin til að tryggja fjárhagslegan grundvöll þessa samstarfs.

Samþykkt að vísa til mennta og menningarmálanefndar

Byggða- og atvinnumál - Þorbergur Hauksson (þingskjal nr.17)

Stóriðjuframkvæmdir á Mið-Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar þeirri miklu uppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi með framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers og hafnar á Reyðarfirði. Mikilvægt er að tryggja að hin mikla atvinnuuppbygging verði í sem mestri og bestri sátt við það samfélag sem fyrir er í landshlutanum. Brýnt er að hugað verði vandlega að því hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á suður og norðursvæði landshlutans jafnframt því að kannað verði hvernig íbúar og fyrirtæki á þeim svæðum geti notfært sér þá uppbyggingu sem nú er hafin á Mið-Austurlandi.

Fiskeldi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 lýsir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefur á sviði sjókvíaeldis á laxi Einnig fagnar fundurinn þeim tilraunum sem í gangi eru í öðru fiskeldi.

Margt bendir til að fiskeldi geti orðið öflug framtíðaratvinnugrein á Austurlandi ef vel er á málum haldið.

Sambandið vill því hvetja fiskeldisfyrirtækin til að standa sem best að eldisstarfseminni og að sérstök áhersla verði lögð á að allur eldisbúnaður verði vandaður og traustur. Þá er hvatt til þess að rannsóknir á sviði fiskeldis verði auknar.

Aukið fjármagn til skógræktar á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16-17 september beinir þeim eindregnu tilmælum til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að staðið verði við samþykktu skógræktaráætlun Alþingis. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til

landshlutabundinna skógræktaverkefna s.s. Héraðsskóga og Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga.

Jarðhitaleit

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því að verkefninu “Jarðhitaleit á köldum svæðum” er framhaldið.

Tryggja þarf enn frekara fjármagn til verkefnisins og Orkusjóðs svo sveitarfélögum sem þess óska verði gert kleift að freista þess að nýta álitleg jarðhitasvæði.

Orkuverð á landsbyggðinni

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september ítrekar og leggur þunga áherslu á að fylgst verði náið með því hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í umhverfi nýrra raforkulaga.

Sérstaklega þarf að fylgjast með landsbyggðinni í þeim efnum og þrýst verður á stjórnvöld um að nýtt skipulag orkumála kalli ekki á hærra orkuverð.

Stækkun Lagarfossvirkjunar

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar þeim fyrirhuguðu áformum Rafmagnsveitna ríkisins að stækka og auka afl

Lagarfossvirkjunarinnar um 18 mw og hvetur stjórn fyrirtækisins til að hvika ekki frá þeim.

Með eflingu eigin orkuvinnslu á vegum fyrirtækisins, sem er nauðsynleg, styrkir það sig enn frekar í þeirri samkeppni sem framundan er á orkumarkaði.

Rannsókn á áhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því að nú liggur fyrir fjármögnun og vinna er hafin við “Vöktunarverkefnið” rannsóknaráætlun Þróunarstofu Austurlands og Bygðarannsóknarstofnunar Íslands um áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Fundurinn ítrekar að lögð verði áhersla á að rannsaka hvaða áhrif framkvæmdirnar hafa á suður- og norðurhluta landshlutans ásamt því að kannað verði hvernig fyrirtæki á þeim svæðum geti hagnýtt sér þær.

Vatnajökulspjóðgarður

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar stuðning sinn við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að náið samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 tekur annars vegar undir margar af tillögum nefndar umhverfisráðherra frá maí mánuði sl. um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls.

Aðalfundurinn telur hins vegar nauðsynlegt að vinnu við frekari útfærslu á tillögum nefndarinnar verði framhaldið og leggur áherslu á að fullt samráð verði áfram haft við heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Samþykkt að vísa til byggða og atvinnumálanefndar.

Til allsherjarnefndar – Guðný Björg Hauksdóttir (þingskal nr.18)

Ályktun um heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 skorar á ríkisstjórn Íslands að efla sérstaklega heilbrigðiskerfið á Austurlandi til þess að mæta álagi og kröfum vegna framkvæmda til undirbúnings stóriðju. Fram yfir árið 2008 verða miklar framkvæmdir á Austurlandi. Þeim fylgir mikið umrót í samfélögum á Mið-Austurlandi og fjölgun íbúa, fyrst tímabundið á byggingastiginu og síðan með varanlegri íbúafjölgun. Þessi tímabundna íbúaaukning er nú um stundir um 50% á Héraði og sama þróun er hafin í Fjarðabyggð. Þenslan kemur snögg og gerir kröfur sem verður að mæta tafarlaust. Þessi umbrot hitta á heilbrigðiskerfi sem er í mótun og ekki að öllu leiti tilbúið að mæta þessu álagi. Til þess að bregðast við þessu þarf að efla heilbrigðiskerfið hratt, fjölga starfsmönnum, bæta húsakost og tækjabúnað. Mikilvægt er að stjórnvöld sem af dagnaði komu þessum framkvæmdum af stað fylgi þeim eftir með sérstökum fjárveitingum til þess að styrkja þá þætti samfélagsþjónustunnar sem er á vegum ríkisins. Heilbrigðiskerfið þarf eins og þjónusta sveitarfélaga að geta mætt þeim miklu og hröðu þjóðfélagsbreytingum sem nú eiga sér stað á Austurlandi. Jafnframt hvetur fundurinn heilbrigðisyfirvöld til að standa við þjóustusamning sem í gildi er við Sveitarfélagið Hornafjörð um Heilbrigðisstofnun Suðausturlands svo stofnunin geti sinnt eðlilegri þjónustu við íbúana áfram.

SSA og Eyþing

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 felur stjórn SSA að halda áfram því samstarfi við Eyþing sem þegar hefur verið mótað. Á sama hátt verði höfð samvinna við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi ef ástæða þykir til.

Um framtíð SSA

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 ítrekar þá afstöðu að stjórn SSA beri að vinna að samstarfi sveitarfélaga á öllu sambandssvæðinu óháð kjördæmamörkum.

Jafnréttisyfirlýsing SSA.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 vill minna á jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til þessarar meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar

sveitarstjórnir á sambandssvæðinu hvattar til þess að samþykkja jafnréttisáætlanir.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 telur miður hve hægt gengur að ná samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga um verkaskiptingu milli þessara stjórnarsýslustiga. Brýnt er að fækka samstarfsverkefnum og búa þannig um hnúta, að saman fari framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð við úrlausn þeirra. Aðalfundurinn leggur áherslu á, að vinnu við samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um eflingu sveitarstjórnarstigsins verði hraðað og samhliða þeirri vinnu verði gerðar viðhlítandi leiðréttingar á tekjustofnum sveitarfélaga. Aðalfundurinn hvetur til þess að sem fyrst fari í gang markvissar viðræður til að ná þessum markmiðum.

Breytingar á skattalögum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 krefst þess að við breytingar á skattkerfum verði þess gætt að þær bitni ekki á tekjum sveitarfélaganna eins og raunin varð á við breytingar á tekjuskatti hlutafélaga. Komi í ljós að slíkt gerist verði sveitarfélögunum bætt tekjutap með greiðslum úr ríkissjóði eða með nýjum sambærilegum tekjustofnum.

Fráveitumálefni

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 beinir því til stjórnar SSA að hlutast til um það að ríkisvaldið komi í auknum mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna sveitarfélaga er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að fara í svo fjárfrekar framkvæmdir og standa um leið undir öðrum lögbundnum verkefnum. Aðalfundurinn beinir því til stjórnvalda að leita allra leiða til að lækka kostnað við fráveituf framkvæmdir.

Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. sept. 2004 minnir á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því var beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum yrði sem mest á Austurlandi. Að mati þeirra, er best þekkja til hefur ekkert miðað í þessa átt og í reynd má segja að yfirstjórn hreindýramála sé horfin úr fjórðungnum. Aðalfundurinn ítrekar því nauðsyn þess að framangreindu markmiði verði náð. Til þess þarf að einfalda stjórnarsýsluna og flytja hana aftur til Austurlands, t.d. með því að flytja málaflokkinn frá Umhverfisstofnun og setja á stofn hreindýrastofu, sem yrði sjálfstæð stofnun með stjórn (kæmi í stað hreindýraráðs) og heyrði beint undir Umhverfisráðuneytið.

Minnt er á að hreindýraveiðar fara eingöngu fram á Austurlandi og að nú þegar er til staðar í fjórðungnum víðtæk þekking og reynsla, þannig að austfirðingar eru vel í stakk búnir til að taka málefnið alfarið til sín.

Samþykkt að vísa til allsherjarnefndar.

Til samgöngunefndar – Einar Karlsson (þingskjal nr.19)

Aukið fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 beinir því til Vegagerðarinnar að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis.

Þar sem samkomulag landeigenda, sveitarfélaga, fjáreigenda og vegagerðar um girðingar og viðhald þeirra er stírt í framkvæmd og alls ekki skilvirkt er það mat aðalfundarins að Vegagerðin eigi alfarið að sjá um og kosta framkvæmdir.

Jarðgöng á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því hvað framkvæmdir við jarðgangagerð í veggöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og í veggöngum í Almannaskarði ganga vel. Þegar þeim lýkur á næsta ári þarf strax að fara að huga af alvöru að næstu framkvæmdum í landshlutanum.

Fundurinn lýsir því yfir miklum vonbrigðum með seinagang í undirbúningsrannsóknnum næstu ganga á milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og í Fjarðabyggð milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sbr. núgildandi vegaáætlun og hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða þeim.

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þann undirbúning sem hafinn er, vegna forgöngu samgöngunefndar SSA og með stuðningi Byggðastofnunar, um heildstætt samfélagslegt mat á áhrifum annarra jarðgangakosta á samfélagið á Austurlandi þ.m.t. göngum frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðabyggð.

Nú þegar liggur fyrir og á næstu árum má búast við miklum tækniframförum við gerð vegganga sem m.a. stytta framkvæmdatíma mikið og lækkar allverulega framkvæmdakostnað. Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og því kalli á að svara.

Hringvegurinn bundinn slitlagi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar fyrri samþykktir samgöngunefndar SSA um að hraða eins og frekast er kostur framkvæmdum við hringveginn á Austurlandi og stefna að því að lokið verði við að leggja hann bundnu slitlagi sem allra fyrst. Fyrir liggur að einu kaflarnir á honum sem ekki eru bundnir varanlegu slitlagi eru á Austurlandi (110 km.) Við það verður ekki unað öllu lengur.

Leggja ber höfuð áherslu á að ljúka varanlegri vegagerð á aðalflutningaleiðum suður-fjarða og veginum um Skriðdal. Til að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir auknu fjármagni við endurskoðun vegaáætlunar nú í haust.

Einbreiðar brýr

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 telur að hraða verði enn frekar, en ráð er fyrir gert í samgönguáætlun að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum. Benda má á að um 1/3 einbreiðra brúa á hringvegi 1 er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Með stór auknum vöruflutningum sem settir eru út á þjóðvegina eru brýr þessar enn háskalegri slysaöldrun eins og dæmin sanna.

Axarvegur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 vill benda á sívaxandi umferð um Öxi sbr. mælingar Vegagerðar ríkisins sl. 3 sumur. Fundurinn leggur þunga áherslu á, í ljósi mikils umferðarþunga og ekki síður umferðaröryggis, að nauðsynlegum endurbótum á Axarvegi verði hraðað. Auk þess verði komið á föstum ruðningsdögum yfir Öxi yfir vetrartímann.

Þjóðvegur eitt um Skriðdal

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 áherslu á að lokið verði við að leggja bundið slitlag á veginn um Skriðdal sem fyrst. Aukinn umferðarþungi um og yfir Öxi kallar á að framkvæmdum verði flýtt. Vísast m.a. til samþykktar fjölmargra sveitarstjórna á Austurlandi í þá veru.

Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar og tekur undir áhyggjur sveitarstjórna og ferðarþjónustuaðila vegna lélegra almenningssamgangna í landshlutanum. Góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu og öflugri ferðarþjónustu á landsbyggðinni.

Í þeim efnum bindur fundurinn vonir við væntanlegar tillögur nefndar sem samgönguráðherra hefur skipað til að móta stefnu um málefni almenningssamgangna á landi og ljúka á störfum fyrir endurskoðun samgönguáætlunar fyrir árin 2005-2008.

Tenging Vopnafjarðar við Þjóðveg 1

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 leggur áherslu á að flýta, með sérstöku átaki, tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 með nútímalegu sniði.

Egilsstaðaflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 beinir því til samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar að vinna verði hafin við að móta framtíðarstefnu um uppbyggingu, nýtingu, arðsemi og markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. September 2004 beinir því til Flugfélags Íslands að ferðatíðni og afköst í flugsamgöngum þess verði á hverjum tíma í samræmi við þörf svo íbúar, atvinnulíf og ferðamenn njóti ávallt bestu þjónustu.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 hvetur til að komið verði á fót starfshópi sem fari yfir helstu hagsmunamál varðandi uppbyggingu á aðstöðu og rekstri á Egilsstaðaflugvelli.

Ferjusiglingar

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að Smyril line hefur aukið siglingar ferjunnar Norröna þannig að þær eru allt árið. Jafnframt krefst fundurinn þess að fjárveitingar fái til að hægt sé að taka sómasamlega á móti þeim fjölda farþega sem velja þennan ferðamáta og bæti einnig vegakerfið til öryggis fyrir síaukna vöruflutninga.

Samþykkt að vísa til samgöngunefndar.

**Sigfríður Þorsteinsdóttir sveitarstjóri Breiðdalshrepps flutti eftirfarandi tillögu:
Ályktun um GSM- og NMT samband í dreifbýli.**

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 skorar á ríkisstjórn Íslands að hraða uppsetningu á dreifikerfi fyrir GSM- og NMT samband.

Í dreifbýli háttar yfirleitt þannig til að ekki næst GSM-samband nema á takmörkuðu svæði í grennd við þéttbýli. Þar sem GSM notkun er nú mjög almenn og kerfið er mikilvægur hlekkur í neyðarþjónustu, þá kemur það sér afar illa að geta ekki nýtt símana víðar en nú er. NMT-kerfið er ekki óbrigðult heldur, því mjög víða á fjölförnum vegum m.a. hringveginum, eru kaflar þar sem ekkert símasamband er. Þessir kaflar eru gjarnan fjærri byggð þar sem mikilvægt er að vegfarendur geti látið vita af sér ef eitthvað bjátar á. (Þingskjal nr. 20)

Tillögunni vísað til samgöngunefndar.

**Sigurður Ragnarsson bæjarfulltrúi á Austur-Héraði flutti eftirfarandi tillögu:
Markaðssetning Norðaustursvæðis.**

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 beinir því til stjórnar SSA að kanna með samstarf við Eyþing, ríkisvald og sveitarfélög á norðaustur hluta landsins, um markaðssetningu ferðaleiðar um Norðausturland. Ferðahringur þessi yrði til dæmis kynntur sem valmöguleiki fyrir farþega Norrænu og gæti legið með ströndu um Vopnafjörð, norður til Húsavíkur, Akureyrar og til baka um Mývatnssveit og Möðrudalsöræfi. Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs nýttust vel í þessu sambandi til uppbyggingar ferða- og þjónustustarfssemi á norðausturhluta landsins. (Þingskjal nr. 21)

Tillögunni vísað til samgöngunefndar.

Hér var fundi frestað til föstudags kl 10 og var klukkan þá 17:25.

Föstudagur 22. ágúst.

Nefndir að störfum frá kl. 9:00 – 10:00.

Fundi framhaldið kl. 10:00.

Efling sveitarstjórnarstigsins.

Guðjón Bragason form. sameiningarnefndar.

Róbert Ragnarsson verkefnisstjóri tekjustofnanefndar.

Róbert Ragnarsson fór yfir starfssvið verkefnisstjórnar um flutning verkefna frá hinu opinbera til sveitarfélaga. Kom hann inn á tillögur verkefnisstjórnarinnar um verkefni sem talið er heppilegt að flytja og nauðsyn þess að heimamenn fái meira að segja um nýtingu fjármuna til ýmissa verkefna. Verkefnin eru: Málefni fatlaðra, málefni aldraðra og heilbrigðisþjónustu, verkefni svæðisvinnumiðlunar, opinber eftirlitsverkefni og loks tónlistarfræðsla á framhaldsskólastigi. Miðað er við í tillögunum að flutningi verkefna verði lokið fyrir árslok 2007.

Guðjón Bragason fór yfir störf verkefnisstjórnar um sameiningu sveitarfélaga og sagði frá kynningu sem hann hefur verið með á landshlutabingum sveitarfélaga um málið. Enn eru tillögur um verkefnið að gerjast, en stefnt er að því að leggja þær fram á

næstunni fullmótaðar. Guðjón kynnti síðan lauslega þann ramma, sem unnið er út frá við tillögugerðina, þ.e. landfræðilegar- þjónustulegar- atvinnulegar- og samfélagslegar aðstæður, ásamt þeim umbóttunartíma sem gefinn er. Hann fór síðan yfir hugmyndir um sameiningar á Austurlandi. Þær eru þessar:

Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur sameinist. Einnig nefndi hann möguleika á sameininu þessara sveitarfélaga við Þórshafnar- og Svalbarðshrepp. Djúpavogshreppur og Breiðdalshreppur sameinist sem fyrsta skref í stærri sameiningu. Fjarðabyggð, Mjóafjarðarhreppur, Fáskrúðsfjarðarhreppur og Austurbyggð sameinist. Ekki er gerð tillaga að sinni um sameiningu Hornafjarðar, Borgarfjarðar, Seyðisfjarðar og Fljótsdalshrepps við önnur sveitarfélög.

Fyrirspurnir komu frá eftirtöldum: Sofffu Lárusdóttur, Kristjáni Möller, Alberti Eymundssyni, Einari Má Sigurðarsyni, Gunnþórunni Ingólfsdóttur, Þuríði Bachman, Sigfríði Þorsteinsdóttur og Óðni Gunnari Óðinssyni.

Róbert og Guðjón svöruðu síðan fyrirspurnum fundarmanna.

Framsögum og umræðum vísað til Sveitarfélaganefndar og munu framsögumenn sitja fund nefndarinnar.

Þjóðgarður / verndarsvæði norðan Vatnajökuls.

Tillögur nefndar Umhverfissráðherra.

Arnbjörg Sveinsdóttir alþingismaður.

Arnbjörg gerði grein fyrir forsögu málsins og nefndarskipan. Hún kynnti tillögur nefndarinnar um stofnun þjóðgarðs norðan Vatnajökuls, en víðtækt samráð var haft við landeigendur, sveitarstjórnir og aðra sem hagsmuna eiga að gæta. Samkvæmt þeim verður unnið að stofnun þjóðgarðsins á árunum 2004-2012. Hún gerði grein fyrir hvernig stjórnun og rekstur verður skv. tillögunum. Heimamenn komi þar að og landnýting verði með svipuðum hætti og nú er. Þverpólítísk samstaða er um tillögurnar. Arnbjörg gerði grein fyrir sérstöðu svæðisins sem er merkilegt samanborið við þjóðgarða á svipaðri breiddargráðu og þessi. Þá kynnti hún landssvæðið sem þjóðgarðurinn næði yfir, verði af stofnun hans. Stofnkostnaður er áætlaður 600 milljónir króna. Þá kynnti Arnbjörg möguleg áhrif á fjölgun ferðamanna sem talin er verða 1,5-2% vegna stofnunar þjóðgarðs norðan Vatnajökuls en 5% ef Vatnajökulsþjóðgarður yrði að veruleika. Arnbjörg sýndi myndir af hálendinu í lok erindis síns.

Fyrirspurn barst frá Jóhanni Þórhallssyni, sem Arnbjörg svaraði.

Staðardagskrá 21

Grunntónn í starfsemi sveitarfélaga.

Stefán Gíslason forstöðumaður Landsskrifstofu.

Stefán sagði að staðardagskrá hefði verið til í 12 ár, þar af 6 ár á Íslandi. Hann kynnti staðaðardagskrána, hvað Landsskrifstofan fæst við og hvernig hún sinnir fámennum sveitarfélögum sérstaklega. Starfsmaður er í fullu starfi til ársloka 2005 sem sinnir málum fámennu sveitarfélaganna. Staðardagskrá 21 er áætlun um þau verk sem hvert samfélag um sig þarf að vinna til að nálgast markmiðið um sjálfbæra þróun á 21.öldinni. Litið er á Dagskrá 21 sem siðfræðilega skyldu ekki lagalega. Þá kynnti

hann aðkomu Sambands íslenskra sveitarfélaga að verkefninu, en t.d. er heimasíða Staðardagskrár hýst á heimasíðu Sambandsins.

Stefán kynnti stöðun á Austurlandi í Staðardagskrá 21, þrjú sveitarfélög í fjórðungnum hafa tekið virkan þátt og 5 sýnt áhuga á verkefninu.

Fyrirspurnir bárust frá Þuríði Backman, Gunnþórunni Ingólfisdóttur, Óðni Gunnari Óðinssyni og Soffíu Lárusdóttur.
Stefán svaraði fyrirspurnum.

Hádegisverðarhlé til kl. 13:10 - Nefndastörfum lýkur.

6. Afgreiðsla nefndaálita.

Byggða- og atvinnumálanefnd

Flutningsmaður Skúli Björnsson (þingskjal nr.24)

Skýrsla Ferðamálasamtaka Austurlands tekin fyrir og yfirfarin.

Orðið gefið laust um skýrsluna. Enginn tók til máls.

Borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Skýrsla formanns Orku- og stóriðjunefndar OSSSA tekin fyrir og yfirfarin.

Byggða- og atvinnumálanefnd vekur athygli fundarmanna á að formaður OSSSA Þorvaldur Jóhannsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi setu í nefndinni. Hann er búinn að vera í orku- og stóriðjunefnd óslitið frá 1988 og þar af lengstum sem formaður. Nefndin óskar að færðar séu til bókar þakkir þingsins til hans fyrir störfin.

Orðið gefið laust um skýrsluna. Enginn tók til máls.

Samþykkt án mótaskvæða.

Orku- og stóriðjunefnd

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 beinir því til stjórnar að fara yfir hlutverk og erindisbréf nefndarinnar í ljósi þess að nú er í höfn meginverkefni sem hefur vegið þyngst í starfi nefndarinnar.

Þar sem Þorvaldur Jóhannsson gefur ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu í nefndinni eru honum þökkuð góð störf.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Stóriðjuframkvæmdir á Mið-Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar þeirri miklu uppbyggingu sem nú á sér stað á Austurlandi með framkvæmdum við Kárahnjúkavirkjun og byggingu álvers og hafnar á Reyðarfirði. Mikilvægt er að tryggja að hin mikla atvinnuuppbygging verði í sem mestri og bestri sátt við það samfélag sem fyrir er í landshlutanum. Þá ber að fagna því að nú liggur fyrir fjármögnun og vinna er hafin við “Vöktunarverkefnið” rannsóknaráætlun Þróunarstofu Austurlands og Byggðarannsóknarstofnunar Íslands um áhrif stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

Brýnt er að hugað verði vandlega að því hvaða áhrif framkvæmdirnar muni hafa á suður- og norðursvæði landshlutans jafnframt því að kannað verði hvernig íbúar og

fyrirtæki á þeim svæðum geti notfært sér þá uppbyggingu sem nú er hafin á Mið-austurlandi. Ef vart verður neikvæðra áhrifa sem mælast í vöktunarverkefninu þá verði viðkomandi stjórnvaldi gert viðvart, sem þá geti brugðist við með viðeigandi hætti.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Fiskeldi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 lýsir yfir ánægju með þann árangur sem náðst hefur á sviði sjókvíaeldis á laxi. Einnig fagnar fundurinn þeim tilraunum sem í gangi eru í öðru fiskeldi. Allt bendir til að fiskeldi verði öflug framtíðaratvinnugrein á Austurlandi ef vel er á málum haldið.

Sambandið vill því hvetja fiskeldisfyrirtækin til að standa sem best að eldisstarfseminni og að sérstök áhersla verði lögð á að allur eldisbúnaður verði vandaður og traustur. Þá er hvatt til þess að rannsóknir á sviði fiskeldis verði auknar. Fundurinn vekur athygli á þeim möguleikum að efla rannsóknarvinnu í greininni heima í héraði.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Aukið fjármagn til skógræktar á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 beinir þeim eindregnu tilmælum til þingmanna og fjárveitingarvaldsins að staðið verði við samþykktu skógræktaráætlun Alþingis. Til að svo megi verða þarf að auka fjárveitingar til landshlutabundinna skógræktarverkefna s.s Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Suðurlandsskóga.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Jarðhitaleit

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því að verkefninu “Jarðhitaleit á köldum svæðum” er framhaldið.

Tryggja þarf enn frekara fjármagn til verkefnisins og Orkusjóðs svo sveitarfélögum sem þess óska verði gert kleift að freista þess að nýta álitleg jarðhitasvæði.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt.

Orkuverð á landsbyggðinni

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar og leggur þunga áherslu á að fylgst verði náið með því hvernig orkuverð til almennings og atvinnufyrirtækja þróast í umhverfi nýrra raforkulaga.

Sérstaklega þarf að fylgjast með landsbyggðinni í þeim efnum og þrýst verður á stjórnvöld um að nýtt skipulag orkumála kalli ekki á herra orkuverð.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt.

Stækkun Lagarfossvirkjunar

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar þeim áformum Rafmagnsveitna ríkisins að stækka og auka afl Lagarfossvirkjunarinnar um 18 mw og hvetur stjórn fyrirtækisins til að hvika ekki frá þeim.

Með eflingu eigin orkuvinnslu á vegum fyrirtækisins, sem er nauðsynleg, styrkir það sig enn frekar í þeirri samkeppni sem framundan er á orkumarkaði.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða

Vatnajökulsþjóðgarður

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar stuðning sinn við stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að náði samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Orðið gefið laust um tillöguna. Til máls tók Albert Eymundsson.

Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram af Alberti Eymundssyni:

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar stækkun þjóðgarðsins í Skaftafelli sem fyrsta áfanga í stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og hvetur til þess að hann verði að veruleika sem fyrst. Mikilvægt er að náði samráð sé haft við heimamenn og að nægjanlegt fjármagn sé tryggt til uppbyggingar og reksturs. Bæta þarf aðgengi ferðamanna, auka upplýsingagjöf og efla rannsóknar- og vísindastarf. Fundurinn leggur áherslu á að stjórnun þjóðgarðsins sé í höndum heimamanna en jafnframt er nauðsynlegt að koma upp svæðamiðstöðvum á nokkrum stöðum umhverfis jökulinn.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Breytingartillagan samþykkt samhljóða.

Verndarsvæði norðan Vatnajökuls

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 tekur undir margar af tillögum nefndar umhverfisráðherra frá maí mánuði sl. um stofnun þjóðgarðs eða verndarsvæða norðan Vatnajökuls.

Aðalfundurinn telur hins vegar nauðsynlegt að vinnu við frekari útfærslu á tillögum nefndarinnar verði framhaldið og leggur áherslu á að fullt samráð verði áfram haft við heimamenn og aðra hagsmunaaðila.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ferðaþjónusta og markaðsmál

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 fagnar fjárveitingum til upplýsingamiðstöðva ferðamála á Egilsstöðum og Seyðisfirði en harmar að skert sé framlag til upplýsingamiðstöðvarinnar á Höfn. Sveitarfélög og fyrirtæki í ferðaþjónustu á Austurlandi leggja nú mikla fjármuni og vinnu í uppbyggingu ferðaþjónustu sem nýtist ekki aðeins Austfirðingum heldur ferðaþjónustu landsins í heild. Í ljósi stóraukinna umsvifa og nýrra tækifæra sem framundan eru í ferðaþjónustu á Austurlandi beinir fundurinn þeim eindregnu tilmælum til ráðherra ferðamála og ríkisvaldsins að meira fjármagni verði veitt til markaðssetningar, uppbyggingar og þróunar ferðaþjónustu í fjórðungnum. Það er einn mikilvægasti þáttur þess að ferðaþjónustan í landinu öllu geti nýtt sér þann

styrkleika og tækifæri sem fyrir hendi eru í landshlutanum og skapað þjóðarþúinu mikilvæga tekjuaukningu á komandi árum.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Skúli Björnsson, Ásmundur Páll Hjaltason, Ásbjörn Guðjónsson, Pétur Karl Kristinsson, Tryggvi Gunnlaugsson og gestir.

Allsherjarnefnd.

Flutningsmaður – Kristjana Björnsdóttir þingskjal nr.23

Ályktun um heilbrigðisþjónustu

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 skorar á ríkisstjórn Íslands að efla heilbrigðiskerfið á Austurlandi þannig að það geti mætt álagi og kröfum vegna stórfamkvæmda á starfssvæði HSA. Framkvæmdunum fylgir mikið umrót, sérstaklega fram yfir árið 2008, með fjölgun íbúa fyrst tímabundinni og síðan varanlegri. Íbúaaukning er nú um 50% á Héraði og í Fjarðabyggð með mikilli þenslu og álagi sem mæta verður tafarlaust. Efla þarf heilbrigðiskerfið hratt svo það haldist í hendur við þær þjóðfélagsbreytingar sem eiga sér stað á Austurlandi, fjölga starfsmönnum, bæta húsakost og tækjabúnað.

Aðalfundur SSA væntir þess að stjórnvöld bregðist við af dugnaði til að heilbrigðisþjónusta á svæðinu verði viðunandi.

Þá hvetur fundurinn heilbrigðisyfirvöld til að standa við þjóstusamning sem í gildi er við Sveitarfélagið Hornafjörð um Heilbrigðisstofnun Suðausturlands svo stofnunin geti sinnt eðlilegri þjónustu við íbúana.

Orðið gefið laust um tillöguna. Til máls tók Cecil Haraldsson.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Um framtíð SSA

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 ítrekar þá afstöðu að stjórn SSA beri að vinna að samstarfi sveitarfélaga á öllu sambandsvæðinu.

Aðalfundurinn felur stjórn SSA að halda áfram því samstarfi við Eyþing sem þegar hefur verið mótað og á sama hátt verði höfð samvinna við Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi ef ástæða þykir til.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Jafnréttisyfirlýsing SSA.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 minnir á jafnréttisyfirlýsingu SSA frá aðalfundi 2002 svohljóðandi:

“Í starfi SSA skal það vera meginregla að bæði kyn verði þátttakendur í sem flestum verkefnum. Við kjör í stjórn, nefndir og ráð á vegum sambandsins skal taka tillit til þessarar meginreglu eins og frekast er kostur. Þá eru allar sveitarstjórnir á sambandsvæðinu hvattar til þess að setja sér jafnréttisáætlanir.”

Orðið gefið laust um yfirlýsinguna: Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. sept. 2004 telur miður hve hægt gengur að skýra línur í verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Brýnt er að fækka samstarfsverkefnum og búa þannig um hnúta, að saman fari framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð við úrlausn þeirra. Samhliða þeirri vinnu verði gerðar viðhlítandi leiðréttingar á tekjustofnum sveitarfélaga.

Aðalfundurinn leggur áherslu á að eflingu sveitarstjórnarstigsins verði hraðað og hvetur til að sem fyrst fari í gang markvissar viðræður til að ná megi settum markmiðum.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Breytingar á skattalögum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 krefst þess að breytingar á skattkerfum rýri ekki tekjur sveitarfélaga eins og raunin varð við breytingar á tekjuskatti hlutafélaga.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Fráveitumálefni

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 felur SSA að beita sér fyrir því að ríkisvaldið komi í auknum mæli að fjármögnun fráveituverkefna sveitarfélaga. Miðað við núverandi tekjustofna er augljóst að mörg þeirra hafa ekki bolmagn til að standa við lög um fullnægjandi hreinsun fráveitu.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Stjórnun og eftirlit með hreindýraveiðum á Austurlandi.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. sept. 2004 minnr á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því var beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að: *“... tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum verði sem mest á Austurlandi”*. Til þess þarf að einfalda stjórnsýsluna og flytja hana aftur til Austurlands en ekkert hefur miðað í þá átt og yfirstjórn hreindýramála er að hverfa úr fjórðungnum þar sem víðtæk þekking og reynsla er til staðar.

Aðalfundurinn ítrekar því nauðsyn þess að framangreindu markmiði verði náð og felur stjórn SSA að fylgja málinu eftir.

Orðið gefið laust, til máls tók Gumundur Valur Gunnarsson og Albert Eymundsson. Eftirfarandi breytinartillaga barst frá Alberti Eymundssyni:

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. sept. 2004 minnr á samþykkt aðalfundar 2003, þar sem því var beint til umhverfisráðherra og Umhverfisstofnunar (UST) að: *“... tryggja að forræði vegna stjórnunar og eftirlits með hreindýraveiðum verði á Austurlandi”*. Til þess þarf að einfalda stjórnsýsluna og flytja hana alfarið til Austurlands en ekkert hefur miðað í þá átt og yfirstjórn hreindýramála er að hverfa úr fjórðungnum þar sem víðtæk þekking og reynsla er til staðar.

Aðalfundurinn ítrekar því nauðsyn þess að framangreindu markmiði verði náð og felur stjórn SSA að fylgja málinu eftir.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Staðardagskrá 21

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 skorar á aðildarsveitarfélögin að vinna með markvissari hætti að staðardagskrá 21 og nýta þar með þau tækifæri sem felasta beint og óbeint í verkefninu.

Orðið gefið laust um tillöguna: Enginn tók til máls.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Mennta- og menningarmálanefnd

Flutningsmaður Cecil Haraldsson (þingskjal nr. 26)

Ályktun um framhaldsskóla

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að vinna við stækkun Menntaskólans á Egilsstöðum skuli vera komin af stað aftur. Fundurinn leggur áherslu á að framhaldsskólarnir á starfssvæði SSA gegna lykilhlutverki í mótun mannlífs og undirbúningi ungmenna til þróttmikillar framtíðar hér eystra. Fundurinn felur stjórn SSA að vinna áfram af krafti að bættri aðstöðu skólanna til að gegna hlutverki sínu. Einnig skorar fundurinn á hlutaðeigandi stjórnvöld að standa vel að uppbyggingu og rekstri framhaldsskólanna á starfssvæði SSA í ljósi þeirra miklu framkvæmda og fólksfjölgunar sem framundan er í landshlutanum.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.
Tillagan samþykkt samhljóða.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því mikla og góða samstarfi sem komið er á milli Verkmenntaskóla Austurlands og Alcoa Fjarðaáls. Fundurinn lýsir ánægju sinni yfir þeirri námsbraut sem hafin er við skólann. Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ályktun um samstarf í menningarmálum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að hafin er vinna við endurnýjun menningarsamnings sveitarfélaganna við menntamálaráðuneytið en núverandi samningur rennur út um næstu áramót.

Fundurinn hvetur aðildarsveitafélögin til að endurnýja samstarfssamning sinn um menningarmál. Fundurinn bendir á að mikilvægir áfangar hafi náðst varðandi stuðning ríkisvaldsins við uppbyggingu og rekstur menningarmiðstöðvanna á starfssvæði SSA. Aðalfundurinn telur nauðsynlegt, að samhliða endurskoðun samningsins verði farið yfir frekari fjárframlög ríkisins til reksturs og uppbyggingar menningarmiðstöðvanna á Austurlandi og er stjórn SSA falið að fylgja málinu eftir. Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Gunnarsstofnun Skriðuklaustri

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar uppbyggingu síðustu ára á starfsemi Stofnunar Gunnars Gunnarssonar á Skriðuklaustri sem hefur haft mikla þýðingu á fjórðungsvísu. Fundurinn hvetur ríkisvaldið til að tryggja framtíð

stofnunarinnar sem sterkrar menningarstofnunar í þeim samningaviðræðum sem standa fyrir dyrum milli stjórnar Gunnarsstofnunar og menntamálaráðuneytisins. Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Fræðslunet Austurlands

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar uppbyggingu háskólanámsseturs á Egilsstöðum og telur það afar jákvæðan þátt í þróun menntunar í landshlutanum. Þá lýsir fundurinn þeirri skoðun sinni að með tilkomu háskólanámssetursins verði öllum íbúum Austurlands gert auðveldara að leggja stund á háskólanám. Sömuleiðis leggur fundurinn áherslu á að háskólasetrið í Nýheimum á Höfn verði eftl.

Fundurinn leggur áherslu á áframhaldandi uppbyggingu námsvera fyrir fjarnema á starfssvæði SSA. Fundurinn ítrekar enn að ríkinu ber að kosta framhalds- og háskólanám og að mikilvægt er að allir íbúar landsins hafi jafnan aðgang að námi á öllum stigum þ.m.t. símenntun. Því verða fjárveitingar til málaflokksins að vera í samræmi við umfang þjónustu og kostnað við að veita hana. Orðið gefið laust. Til máls tók Kristín Gestsdóttir. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þekkingarráð og þekkingarsetur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 fagnar þeirri vinnu sem nú á sér stað og lýtur að stofnun Þekkingarráðs fyrir Austurland og Þekkingarseturs á Egilsstöðum. Jafnframt hvetur fundurinn til þess að stefnt verði að því að á Austurlandi verði í framtíðinni öflug þekkingarsetur sem vinni að samþættingu og eflingu rannsóknarstarfs á starfssvæðum. Nú þegar hefur verið lagður góður grunnur að slíkri uppbyggingu með stofnun á Búlandi í Neskaupstað og Háskólasetursins í Nýheimum á Höfn. Einnig beinir fundurinn þeim tilmælum til ríkisvaldsins, sveitarfélaga og atvinnulífsins að stutt verði sem dyggilegast við uppbyggingu á fyrrgreindri þekkingarstarfsemi á Austurlandi. Orðið gefið laust, enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða.

Háskólanám á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 lýsir þeirri skoðun sinni að nú þegar eigi að hefjast handa við að byggja upp öfluga framtíðarháskólastofnun á Egilsstöðum sem verði kjarni háskólamenntunar á Austurlandi og byggi á grundvelli þess starfs sem fram fer nú þegar á Austurlandi. Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls. Tillagan samþykkt samhljóða

Um kostnað vegna tónlistarnáms

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 telur afar mikilvægt að störfum verkaskiptanefndar ríkis og sveitarfélaga sem fjalla á um fyrirkomulag og kostnaðarskiptingu tónlistarkennslu á framhaldsstigi verði hraðað eins og frekast er kostur. Jafnframt vill aðalfundurinn leggja áherslu á að eðlilegast er að sambærileg verka- og kostnaðarskipting ríkis og sveitarfélaga gildi um

tónlistarnám og annað nám þannig að grunnám sé á vegum sveitarfélaga en framhalds- og háskólanám á vegum ríkisins.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ályktun um æskulýðs- og íþróttamál

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16. og 17. september 2004 skorar á sveitarstjórnir innan SSA að halda áfram þeirri miklu og mikilvægu uppbygginu sem fram hefur farið í æskulýðs- og íþróttamálum í fjórðungnum. Fundurinn leggur áherslu á mikilvægi æskulýðs- og íþróttastarfs sem forvarnarstarfs og skorar á ríkisvaldið að halda áfram stuðningi við það starf sem unnið er í þessum málaflokki t.d. með öflugum íþróttasjóði. Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka fjármagn til sjóðsins með það að markmiði að sjóðurinn styðji betur við íþrótt- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni vegna hins mikla ferðakostnaðar sem íþrótt- og æskulýðsfélög á landsbyggðinni þurfa að greiða.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða

Skráning fornminja

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 ítrekar þá skoðun sambandsins að tryggja þurfi sveitarfélögum fjármagn til að sinna lögboðinni skyldu sinni við skráningu fornminja.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða

Varðveisla formuna

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 ítrekar við stjórn SSA að hún leiti leiða til að dýrgripir af Austurlandi verði fluttir heim í hérað og hafðir þar til sýnis m.a. til eflingar menningartengdri ferðaþjónustu á svæðinu.

Orðið gefið laust um tillöguna, Kristjana Björnsdóttir tók til máls.

Hún taldi aðstæður á Austurlandi engan veginn þannig að hægt verði að taka við viðkvæmum munum, og benti á Þórisárkumlið og ástand þess eftir að hafa verið til sýnis hér fyrir austan. Munirnir eru illa farnir eftir sýninguna. Kristjana lagði til að tillögunni verði vísað frá.

Cecil tók til máls og sagði það sér að meinalausu þótt tillögunni verði vísað frá.

Soffía Lárusdóttir benti á að í tillögunni standi "að leita leiða".

Frávísunartillaga Kristjönu Björnsdóttur borin undir atkvæði, samþykkt með sjö atkvæðum gegn einu.

Þjónusta bókasafna

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar þeirri samvinnu sem komin er á um nýtt bókasafnskerfi og hvetur aðildarsveitarfélögin til að tryggja fjárhagslegan grundvöll hennar og felur stjórn SSA að hefja forgöngu um að mótaður verði rammi að samstarfi sveitarfélaganna í þessu efni.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Álit fjárhagsnefndar (þingskjal 22)

Í nefndinni sátu: Guðmundur Bjarnason, Björn Hafþór Guðmundsson og Hafliði Hjarðar.

Til nefndarinnar var vísað. Ársreikningi SSA 2003 þingskjali 2, fjárhagsáætlun SSA 2005 og endurskoðaðri áætlun 2004 þingskjali 4 og greinargerð framkvæmdastjóra SSA þingskjal 3.

Fjárhagsnefnd hefur farið yfir ársreikninginn fyrir árið 2003 og leggur til að hann verði samþykktur. Jafnframt hefur verið farið yfir fjárhagsáætlun 2005 og endurskoðaða fjárhagsáætlun 2004 og leggur nefndin til að áætlanirnar verði samþykktar.

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Nefndin vekur athygli þingfulltrúa á lífeyrisskuldbindingum SSA í ársreikningi 2003. Orðið gefið laust, enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarfélaganefnd

Flutningsmaður Smári Geirsson (þingskjal nr.28)

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 lýsir yfir ánægju sinni með það átak sem nú er unnið að um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Átaksverkefnið er yfirgripsmikið og fjallar um þrjá mikilvæga efnisþætti; skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga og eflingu sveitarstjórnarstigsins með sameiningu og fækkun sveitarfélaga. Við blasir að ákvarðanir sem tengjast þessum efnisþáttum skipta sköpum fyrir þróun sveitarfélaganna.

Aðalfundurinn vill hvetja sveitarfélögin á sambandssvæðinu að efna til vandaðrar umfjöllunar um átakstillögurnar þegar þær hafa formlega verið lagðar fram. Brýnt er að sú umfjöllun verði jákvæð og einkennist af því markmiði að sveitarstjórnarstigið verði öflugra en nú er.

Orðið gefið laust, til máls tóku Sigfríður Þorsteinsdóttir og Smári Geirsson.

Eftirfarandi breytingartillaga barst frá Sigfríði Þorsteinsdóttur:

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 lýsir yfir ánægju sinni með það átak sem nú er unnið að um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Átaksverkefnið er yfirgripsmikið og fjallar um þrjá mikilvæga efnisþætti; eflingu sveitarstjórnarstigsins með flutningi verkefna frá ríki til sveitarfélaga, aukna tekjustofna og sameiningu og fækkun sveitarfélaga. Við blasir að ákvarðanir sem tengjast þessum efnisþáttum skipta sköpum fyrir þróun sveitarfélaganna.

Aðalfundurinn vill hvetja sveitarfélögin á sambandssvæðinu að efna til vandaðrar umfjöllunar um átakstillögurnar þegar þær hafa formlega verið lagðar fram. Brýnt er að sú umfjöllun verði jákvæð og einkennist af því markmiði að sveitarstjórnarstigið verði öflugra en nú er.

Orðið gefið laust um breytingartillöguna. Til máls tóku Gunnþórunn Ingólfssdóttir og Smári Geirsson, sem bauð nefndarmönnum að halda fund og ræða breytingartillöguna.

Sveitarfélaganefnd hélt aukafund.

Sveitarfélaganefnd flutti endurbætta tillögu. Flutningsmaður Smári Geirsson.

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Egilsstöðum 16. og 17. september 2004 lýsir yfir ánægju sinni með það átak sem nú er unnið að um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Átaksverkefnið er yfirgripsmikið og fjallar um þrjá mikilvæga efnisþætti; skiptingu verkefna á milli ríkis og sveitarfélaga, tekjustofna sveitarfélaga og sameiningu sveitarfélaga. Við blasir að ákvarðanir sem tengjast þessum efnisþáttum skipta sköpum fyrir þróun sveitarfélaganna.

Aðalfundurinn vill hvetja sveitarfélögin á sambandssvæðinu að efna til vandaðrar umfjöllunar um átakstillögurnar þegar þær hafa formlega verið lagðar fram. Brýnt er að sú umfjöllun verði jákvæð og einkennist af því markmiði að sveitarstjórnarstigið verði öflugra en nú er.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Samgöngunefnd

Flutningsmaður Þorsteinn Steinsson (þingskjal nr.25)

Aukið fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 beinir því til Vegagerðarinnar að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis.

Þar sem samkomulag landeigenda ,sveitarfélaga, fjáreigenda og vegagerðar um girðingar og viðhald þeirra er stirt í framkvæmd og alls ekki skilvirkt er það mat aðalfundarins að Vegagerðin eigi alfarið að sjá um og kosta framkvæmdir.

Orðið gefið laust um tillöguna. Enginn tók til máls.

Samþykkt samhljóða.

Jarðgöng á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því hvað framkvæmdir við jarðgangagerð í veggöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og í veggöngum í Almannaskarði ganga vel. Strax þarf að huga fyrir alvöru að næstu jarðgönga framkvæmdum í landshlutanum.

Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með seinagang í undirbúningsrannsóknnum næstu ganga á Austurlandi milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta sbr. núgildandi vegaáætlun og hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða undirbúningi þeirra með það í huga að göngin verði boðin út saman.

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þann undirbúning sem hafinn er, um heildstætt samfélagslegt mat á áhrifum annarra jarðgangakosta á samfélagið á Austurlandi þ.m.t. göngum frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðabyggð.

Nú þegar liggur fyrir og á næstu árum má búast við miklum tækniframförum við gerð vegganga sem m.a. styttir framkvæmdatíma mikið og lækkar allverulega framkvæmdakostnað. Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og minnir fundurinn á að í samgönguáætlun er styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, gefinn mikill gaumur.

Orðið gefið laust um tillöguna, til máls tók Cecil Haraldsson og lagði fram eftirfarandi breytingartillögu:

Jarðgöng á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 fagnar því hvað framkvæmdir við jarðgangagerð í veggöngum milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar og í veggöngum í Almannaskarði ganga vel. Strax þarf að huga fyrir alvöru að næstu jarðganga framkvæmdum í landshlutanum.

Fundurinn lýsir yfir miklum vonbrigðum með seinagang í undirbúningsrannsóknnum næstu ganga á Austurlandi milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta sbr. nágildandi vegaáætlun og hvetur samgönguyfirvöld til þess að hraða undirbúningi þeirra með það í huga að göngin verði boðin út saman.

Aðalfundurinn lýsir yfir ánægju með þann undirbúning sem hafinn er, um heildstætt samfélagslegt mat á áhrifum annarra jarðgangakosta á samfélagið á Austurlandi þ.m.t. göngum frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðabyggð ásamt tengingu upp á Hérað.

Nú þegar liggur fyrir og á næstu árum má búast við miklum tækniframförum við gerð vegganga sem m.a. styttir framkvæmdatíma mikið og lækkar allverulega framkvæmdakostnað. Samfélagið á Austurlandi sem nú er í örum vexti kallar æ meir á samgöngubætur eins og jarðgöng og minnir fundurinn á að í samgönguáætlun er styttingu leiða, sem eru til hagræðis fyrir alla flutninga, gefinn mikill gaumur.

Orðið gefið laust, til máls tók Þorsteinn Steinsson.

Breytingartillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 13 atkvæðum gegn 2.

Tillagan í heild borin undir atkvæði, samþykkt samhljóða.

Hringvegurinn bundinn slitlagi

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar fyrri samþykktir samgöngunefndar SSA um að hraða eins og frekast er kostur framkvæmdum við hringveginn á Austurlandi og stefna að því að lokið verði við að leggja hann bundnu slitlagi sem allra fyrst. Fyrir liggur að einu kaflarnir á honum sem ekki eru bundnir varanlegu slitlagi eru á Austurlandi (110 km.) Við það verður ekki unað öllu lengur.

Leggja ber höfuð áherslu á að ljúka varanlegri vegagerð á aðalflutningaleiðum. Til að svo megi verða þarf að gera ráð fyrir auknu fjármagni við endurskoðun vegaáætlunar nú í haust.

Orðið gefið laust, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Einbreiðar brýr

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 krefst þess að hraðað verði enn frekar, en ráð er fyrir gert í samgönguáætlun að útrýma einbreiðum brúm á Þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum. Benda má á að um 1/3 einbreiðra brúa á hringvegi 1 er í Sveitarfélaginu Hornafirði.

Með stór auknum vöruflutningum sem settir eru út á Þjóðvegina eru brýr þessar enn háskalegri slysaöldrum eins og dæmin sanna.

Orðið gefið laust, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Axarvegur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 vill benda á sívaxandi umferð um Öxi sbr. talningar Vegagerðarinnar síðast liðin sumur.

Með vísan til upplýsinga um umferðarþunga á þessari leið leggur aðalfundurinn þunga áherslu á að endanleg úttekt á Axarvegi verði lokið sem allra fyrst með uppbyggingu heilsársvegar í huga.

Nauðsynlegar endurbætur á veginum þurfa hins vegar að hafa algjöran forgang, sérstaklega í ljósi umferðaröryggis. Auk þess verði strax í vetur komið á föstum ruðningsdögum yfir Öxi.

Orðið gefið laust, til máls tóku Ásbjörn Guðjónsson, Kristjana Björnsdóttir, Þorsteinn Steinsson og Ævar Ármannsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Þjóðvegur eitt um Skriðdal

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 leggur áherslu á að lokið verði við að leggja bundið slitlag á veginn um Skriðdal sem fyrst vegna aukins umferðarþunga sem kallar á að framkvæmdum verði flýtt. Vísast m.a. til samþykktar fjölmargra sveitarstjórna á Austurlandi í þá veru.

Orðið gefið laust, til máls tók Sigfríður Þorsteinsdóttir, Andrés Elísson og Þorsteinn Steinsson.

Andrés lagði til að tillagan yrði kynnt sem “Skriðdalur” en ekki “Þjóðvegur eitt um Skriðdal” og flutti breytingartillögu þar um.

Orðið var gefið laust um breytingartillöguna til mál tóku: Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Guðmundur Valur Gunnarsson og Ágústa Björnsdóttir sem lagði til að breytingartillögu Andrésar verði vísað frá. Frávísunartillaga Ágústu til umræðu. Til máls tók Andrés Elísson.

Frávísunartillaga frá Ágústu borin undir atkvæði og samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða, tveir á móti.

Opnað fyrir umræðu um aðaltillöguna “Þjóðvegur eitt um Skriðdal”

Enginn tók til máls, tillagan borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Almenningssamgöngur og flutningar innan svæðisins

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 ítrekar og tekur undir áhyggjur sveitarstjórna, ferðaþjónustuaðila og annarra hagsmunaaðila vegna lélegra almenningssamgöngu og skipulagsleysis í flutningum í landshlutanum. Góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu og öflugri ferðaþjónustu á landsbyggðinni.

Í þeim efnum bindur fundurinn vonir við væntanlegar tillögur nefndar sem samgönguráðherra hefur skipað til að móta stefnu um málefni almenningsgangna á landi og ljúka á störfum fyrir endurskoðun samgönguáætlunar 2005-2008.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Tenging Vopnafjarðar við Þjóðveg 1

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 leggur áherslu á að flýta, með sérstöku átaki, tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 með nútímalegu sniði.

Orðið gefið laust um tillöguna. Til máls tók Guðmundur Þorgrímsson og lagði til að inn í tillöguna verði bætt orðinu „þung“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt. Eftirfarandi breytingartillaga lögð fram:

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 leggur þunga áherslu á að flýta, með sérstöku átaki, tengingu Vopnafjarðar við Þjóðveg 1 með nútímalegu sniði.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Egilsstaðaflugvöllur

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 beinir því til samgönguráðuneytis og Flugmálastjórnar að vinna verði hafin við að móta framtíðarstefnu um uppbyggingu, nýtingu, arðsemi og markaðssetningu Egilsstaðaflugvallar í samræmi við þörf svo íbúar, atvinnulíf og ferðamenn njóti ávallt bestu þjónustu. Einnig er hvatt til að komið verði á fót starfshópi sem fari yfir helstu hagsmunamál varðandi uppbyggingu á aðstöðu og rekstri á Egilsstaðaflugvelli.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Aukning þungaflutninga á vegum.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 bendir á það mikla álag sem á vegakerfið bætist þegar starandflutningar verða lagðir af. Stjórnvöld verða að mæta þessu mikla álagi á vegakerfi landsmanna með auknum fjárframlögum.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Ferjusiglingar

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 fagnar því að Smyril line hefur aukið siglingar ferjunnar Norröna þannig að þær eru allt árið.

Orðið gefið laust um tillöguna, til máls tók Cecil Haraldsson og lagði til að eftirfarandi viðbót komi aftan við tillöguna. “ Jafnframt bendir fundurinn á að þörf er á fjármagni til að bæta þá aðstöðu sem þarf til að þjónusta þann fjölda farþega sem velja þennan ferðamáta til og frá landinu.” Samþykkt að bæta þessu við.

Tillagan samþykkt samhljóða með áorðinni breytingu.

GSM, NMT og hraðvirkt net samband.

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum 16.-17. september 2004 skorar á stjórnvöld að ljúka uppsetningu á dreifikerfi fyrir GSM og NMT samband sem fyrst.

Einnig er gerð krafa um hraðvirkt netsamband um allt land.

Orðið gefið laust um tillöguna, enginn tók til máls.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Markaðssetning Norðaustursvæðis

Aðalfundur SSA haldinn á Egilsstöðum dagana 16.-17. september 2004 beinir því til stjórnar SSA að kanna með samstarf við Eyþing, ríkisvald og sveitarfélög á norðaustur hluta landsins, um markaðssetningu ferðaleiðar um Norðausturland. Ferðahringur þessi með ströndinni yrði til dæmis kynntur sem valmöguleiki fyrir farþega Norrænu og gæti legið með ströndinni um Vopnafjörð, norður til Húsavíkur, Akureyri og til baka um Mývatnssveit og Möðrudalsöræfi. Jarðgöng milli Vopnafjarðar og Héraðs nýttust vel í þessu sambandi til uppbyggingar ferða- og þjónustustarfssemi í norðausturhluta landsins.

Tillögunni vísað til stjórnar SSA sem skoði hana með allt svæðið í huga.

Orðið gefið laust um tillöguna, (að vísa tillögunni til stjórnar). Til máls tóku Albert Eymundsson, Kristjana Björnsdóttir, Þorsteinn Steinsson og Guðmundur Valur Gunnarsson.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Uppstillinganefnd.

Flutningsmaður Þorbergur Hauksson. (þingskjal nr. 29)

Kosningar aðalfundar SSA 2004.

Aðalmenn

Stjórn SSA

Einar Karlsson, Hornafirði
Elín Magnúsdóttir, Hornafirði
Andrés Skúlason, Djúpavogi
Guðmundur R Gíslason, Fjarðabyggð
Þorbergur N. Hauksson, Fjarðabyggð
Ævar Ármannsson, Austurbyggð
Emil Sigurjónsson, Vopnafirði
Soffía Lárusdóttir, Austur-Héraði
Cecil Haraldsson, Seyðisfirði

Varamenn

Halldóra B. Jónsdóttir, Hornafirði
Reynir Arnarsson, Hornafirði
Guðmundur Valur Gunnarsson, Djúpavogi
Ásbjörn Guðjónsson, Fjarðabyggð
Andrés Elísson, Fjarðabyggð
Friðmar Gunnarsson, Fáskrúðsfj.hreppi
Björn H. Sigurbjörnsson, Vopnafirði
Þorvaldur P. Hjarðar, Fellabæ
Guðgeir Ragnarsson, Norður-Héraði

Skoðurnarmenn ársreikninga:

Jóhanna Guðmundsdóttir, Austur-Héraði
Sigurjón Jónasson, Austur-Héraði

Ólafía Þ. Stefánsdóttir, Seyðisfirði
Ari Bogason, Seyðisfirði

Orku- og stóriðjunefnd SSA

Halldór Sverrisson, Seyðisfirði
Smári Geirsson, Fjarðabyggð
Sigfríður Þorsteinsdóttir, Breiðdalsvík
Jónas Þór Jóhannsson, Norður-Héraði
Vignir Júlíusson, Hornafirði
Björn Hafþór Guðmundsson, Djúpavogi

Skúli Björnsson, Austur-Héraði
Andrés Elísson, Fjarðabyggð
Steinþór Pétursson, Austurbyggð
Ólafur K. Ármannsson, Vopnafirði
Friðrik Ingvaldsson, Hornafirði
Einar Karlsson, Hornafirði

Samgöngunefnd SSA

Þorsteinn Steinsson, Vopnafirði
Guðmundur Valur Gunnarsson, Djúpavogi
Guðmundur Þorgrímsson, Austurbyggð
Reynir Arnarsson, Hornafirði
Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð

Sigvaldi Rangarsson, Norður-Hérað
Halldóra B. Jónsdóttir, Hornafirði
Ríkharður Jónasson, Breiðdalsvík
Vignir Júlíusson, Hornafirði
Andrés Elísson, Fjarðabyggð

Jóhann Hannsson, Seyðisfirði

Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Fljótisdalshr.

Fulltrúar í samráðsnefnd Landsvirkjunar

Ólafur Ármannsson, Vopnafirði
Óðinn Magnason, Austurbyggð
Elín Magnúsdóttir, Hornafirði
Jón Halldór Guðmundsson, Seyðisfirði

Eyrún K. Júlíusdóttir, Bakkafirði
Þorbergur Hauksson, Fjarðabyggð
Ágústa Björnsdóttir, Austur-Héraði
Guðgeir Ragnarsson, Norður-Héraði

Stjórn SAL

Þóra Jónsdóttir, Hornafirði
Hildur Magnúsdóttir, Fjarðabyggð
Björg Einarsdóttir, Vopnafirði
Friðmar Gunnarsson, Fáskrúðsfj.hreppi.
Björn Ármann Ólafsson, Austur-Héraði

Eiður Ragnarsson, Fjarðabyggð
Jóhann Grétar Einarsson, Seyðisfirði
Björn Aðalsteinsson, Borgðarfirði
Guðný Svavarsdóttir, Hornafirði
Ásmundur Þórarinsson, Norður-Héraði

Samþykkt á aðalfundi SSA 2004

Orðið gefið laust.

Til máls tók Gunnþórunn Ingólfssdóttir. Hún sagði ekki farið eftir jafnréttisáætlun við skipun í samgöngunefnd. Ákveðið var að kalla nefndina saman út af því máli. Nefndin fundaði síðan og hélt sig við fyrri ákvörðun um uppröðun í samgöngunefnd. Kristjana Björnsdóttir lagði fram þá breytingartillögu að Gunnþórunn Ingólfssdóttir taki sæti aðalmanns í samgöngunefnd í stað Jóhanns Hanssonar, sem tæki sæti varamanns.

Breytingartillagan borin upp og greiddu 6 henni atkvæði, en 13 á móti. Tillagan því felld.

Tillaga uppstillinganefndar um skipan í samgöngunefnd svo borin upp og samþykkt með meginþorra greiddra atkvæða, tveir voru á móti.

7. Önnur mál.

Smári Geirsson tók til máls og bauð fundarmönnum til næsta aðalfundar í Fjarðabyggð. Var því boðið fagnað með lófataki.

Kristjana Björnsdóttir tók til máls og ræddi vinnutíma þingsins. Gagnrýndi hún að of lítill tími færi í að vinna tillögur, en of mikill tími færi í óvissuferðir og veisluhöld, með þar af leiðandi heilsuleysi þingfulltrúa á síðari degi þingsins.

Sigfríður Þorsteinsdóttir benti á að mikill kostnaður fer í eyðingu refa og minka. Hún velti því upp hvort þetta gæti orðið samvinnuverkefni sveitarfélaga.

Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri tók til máls og þakkaði starfsfólki fundarins fyrir þeirra framlag og fráfarandi stjórn gott samstarf. Hrósaði hann öllum aðbúnaði og aðstöðu sem upp á hefur verið boðið á þessum aðlfundi sambandsins. Að því búnu sleit hann fundi kl. 15:45.